



# Könnun á merkingum plastumbúða innlendra mat- og hreinlætisvara

*Samantektarskýrsla úr könnun í júlí 2016*

## 1. Bakgrunnur

Samkvæmt 5. gr. og II. viðauka reglugerðar nr. 609/1996, um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs, eiga allar plastumbúðir að bera merki sem tilgreinir plasttegund umbúðar sem er nauðsynlegt fyrir skilvirka flokkun og endurvinnslu.

Markmið könnunarinnar er að kanna tíðni réttra merkinga á plastumbúðum innlendra mat- og hreinlætisvara sem valdar eru af handahófi. Sambærilegar kannanir voru gerðar á árunum 2013 og 2015 sem leiddu í ljós að merkingar á plastumbúðum innlendra framleiðanda er oft ábótavant.


## 2. Aðferð

Könnunin var framkvæmd í tveimur stórum lágvöruverðsverslunum á höfuðborgarsvæðinu, Bónus á Smáratorgi og Krónunni í Lindum, þann 20. júlí 2016. Þessar verslunardeðjur urðu fyrir valinu vegna þess að vöruúrval þeirra er mikið og þær eru með verslanir víða um landið.

Könnunin tók til matar- og hreinlætisvöruumbúða í ýmsum vöruflokkum: kjötvörur og fiskur, brauð og kornvörur, sælgæti og súkkulaði, hnetur og þurrkaðir ávextir, þurrvara og ýmislegt annað.

## 3. Niðurstöður


Alls voru 108 vörur í mismunandi vöruflokkum skoðaðar frá 32 fyrirtækjum. Stór hluti plastumbúða var ómerktur eða 68% allra varanna sem voru skoðaðar. Þá voru 30% plastumbúðanna merktar rétt og 2% báru einungis merkingar á annarri tegund umbúðanna en ekki hinni (á við þegar um tvær aðskiljandi umbúðir er að ræða). Hlutfall merktra, ómerktra og hálf merktra vara má sjá nánar á mynd 1.



**Mynd 1:** Hlutfall merktra, ómerktra og hálf merktra plastumbúða.

Í svipaðri könnun í fyrra voru 84% plastumbúða utan um mat- og hreinlætisvörur merktar rétt en rétt er að taka fram að ólíkar vörur voru skoðaðar í ár. Meiri hluti varana sem lentu í úrtaki í ár voru í plastpokum eða mjúkum umbúðum en sá flokkur er lakari í merkingum en plastumbúðir úr hörðu plasti. Í nær öllum tilfellum voru plastumbúðir úr hörðu plasti merktar rétt.

Mynd 2 sýnir hlutfall merktra vara í mismunandi vöruflokkum. Á myndinni sést að kjötvörur og fiskur eru oftast ekki í rétt merktum umbúðum, en í 3% tilfella eru plastumbúðir varanna merktar rétt. Í könnunni í fyrra voru 89% kjötvara í merktar rétt. Ástæðan er sú að í könnunni í fyrra voru einungis skoðaðar kjötvörur í bökkum en í ár var engin áhersla lögð á kjötvörur og fisk í bökkum og því er könnunin í ár ólík fyrri könnun. Þá eru einungis 6% plastumbúða vara sem falla undir flokkinn hnetur og þurrkaðir ávextir merktir rétt. Sælgæti og súkkulaði kemur best út í könnunni þrátt fyrir að einungis 34% plastumbúða þeirra vara voru rétt merktar. Í flokknum ýmislegt annað eru meðal annars salernispappír, eldhúsrúllur, plastpokar, grænmeti og hreinlætisvörur en af þeim vörum eru 13% plastumbúðir varanna merktar.



**Mynd 2:** Hlutfall merktra plastumbúða fyrir mismunandi vöruflokkum.

Einungis þrjú fyrirtæki af þeim 32 sem lentu í slembiúrtakinu höfðu allar sínar merkingar réttar.

#### 4. Lokaorð

Út frá niðurstöðum könnunarinnar er ljóst að þörf er á að upplýsa framleiðendur um skyldu þeirra að merkja allar plastumbúðir sínar með merki sem tilgreinir plasttegund þess þar sem einungis 30% allra vara sem lentu í slembiúrtaki báru merki sem tilgreinir plasttegund umbúðar. Þegar litið er á einstaka vöruflokkum þá kemur sælgæti og súkkulaði best út með 34% af plastumbúðum varanna merktar. Það þýðir að enginn af þeim vöruflokkum sem voru skoðaðir hafði meirihluta plastumbúða sinna merkta rétt.

Niðurstöður könnunarinnar voru sendar í tölvupósti til allra fyrirtækja sem lentu í slembiúrtakinu. Þeim aðilum sem höfðu allar sínar merkingar réttar var sendur tölvupóstur og þeim tilkynnt að máli þeirra væri lokið. Aðrir aðilar fengu tölvupóst þar sem þeim var tilkynnt um kröfu á úrbættum. Í framhaldinu verður þvingunarúrræðum beitt í samræmi við 66 gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, verði fyrirtæki ekki við úrbótakröfu stofnunarinnar.

15. ágúst 2016

Júlía Rós Hafþórsdóttir